

Fundur skipulagshóps vegna Nýtingaráætlunar Ísafjarðardjúps og Jökulfjarða 18. nóvember 2013	
Mættir á fundinn	
Gísli Halldór Halldórsson	Ísafjarðarbæ
Kristján Andri Guðjónsson	Ísafjarðarbæ
Elías Jónatansson	Bolungarvíkurkaupstað
Ómar Már Jónsson	Súðavíkurhreppi
Hafdís Sturlaugsdóttir	Strandabyggð
Jón Gísli Jónsson	Strandabyggð
Stella Guðmundsdóttir	Ferðamálasamtök Vestfjarða
Ragnheiður Hákonardóttir	Náttúruverndarsamtök Vestfjarða
Einar Valur Kristjánsson	Útvegsmannafélagi Vestfjarða
Guðbergur Rúnarsson	Landssamband fiskeldisstöðva
Gísli Jón Kristjánsson	Leyfishafar til rækjuveiða
Hilmar Pálsson	Útivist/ Sæfari
Þorleifur Pálsson	Hlunnindanýting/Landssamband veiðifélaga
Salvar Baldursson	Hlunnindanýting/ dúntekja
Sölvi R. Sólbergsson	Landeigendur norðan djúps
Aðalsteinn Óskarsson	Fjórðungssamband Vestfirðinga
Gunnar Páll Eydal	Teiknistofan Eik
Lína Björg Tryggvadóttir	Fjórðungssamband Vestfirðinga
Á fjarfundi voru	
Ester Rut Unnsteinsdóttir	Súðavíkurhreppi
Einar Sveinn Ólafsson	Kalkþörunganáam

Aðalsteinn setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og kynnti dagskrá hans.

1. Staða Nýtingaráætlunarverkefnis kynnt

Nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar hefur verið lögð fyrir sveitarfélögin sem að henni standa til endanlegrar afgreiðslu.

Staða verkefnisins í stjórnkerfinu – Aðalsteinn Óskarsson og Gunnar Páll Eydal fluttu erindi á í málstofu um Haf og strandsvæðaskipulag á Umhverfisþingi 2013 í Reykjavík 8. nóvember sl. Góð mæting var á þingið og málstofuna og er greinilegt að mikill áhugi er á skipulagsmálefnum strandsvæða.

2. Lýsing áætlunarinnar kynnt og rædd.

Gunnar Páll fór yfir lýsingu áætlunarinnar og hvernig verkefnið verður unnið. Lýsingin mun fara til samþykktar sveitarstjórna hjá þeim sveitarfélögum er vinna að Nýtingaráætluninni. Eftir að því ferli líkur fer hún til umsagnar stofnana.

Kynnt var á Umhverfisþingi að hefja á vinnu við gerð landsskipulagsstefnu en þann 25. október sl. sendi umhverfis- og auðlindaráðherra Skipulagsstofnun bréf þar sem fram kemur að þeim sé falið að hefja vinnu við gerð landsskipulagsstefnu 2015-2026. Stofnuninni er falið að leggja áherslu á fjóra

megin þætti í þeirri vinnu og er einn þeirra „skipulag á haf og strandsvæðum“. Í ljósi þessa áhuga stjórnvalda á gerð strandsvæðaskipulags samhliða aukinni ásókn í nýtingu strandsvæðisins, þarf að fara fram umræða við ráðherra um hvernig samstarfi við sveitarfélögin verði háttað og hvernig megi tryggja fjármögnun skipulags á haf og strandsvæðum.

Ragnheiður Hákonardóttir lagði fram svohljóðandi bókun- „Bókun vegna forsendubreytingar á lýsingu á verklagi og stefnu við vinnu að Nýtingaráætlun fyrir Ísafjarðardjúp og Jökulfirði. Fram hefur komið á fundinum (Aðalsteinn og Gunnar) að breyting verði á að landsskipulagstillaga verði samþykkt heldur fari hún í uppfærslu á næsta ári. NV telur hér um breytingu að ræða sem gæti orðið til breytinga á forsendum núverandi vinnu og bendir á að NV hafi gagnrýnt í umsögn sinni til stjórnenda þessarar vinnu vöntun á aðkomu og tilliti til náttúruverndar á Vestfjörðum, og að frumkvæði sveitarfélaga skorti í þá átt. Endurvinnu við landsskipulagsstefnu gæti breyst. Náttúruvernd á Vestfjörðum hefur setið á hakanum og á langt í land að njóta sömu athygli og annarsstaðar á landinu og nægir að nefna þar Breiðafjörð.

Fyrir hönd Náttúruverndarsamtaka Ragnheiður Hákonardóttir.“

3. Staða í einstökum málaflokkum

Gunnar Páll fór yfir stöðu verkefnis í einstökum málaflokkum

Almenn gagnaöflun og skráning núverandi nýtingar er komin vel af stað. Greining skipulagshóps er góður grunnur fyrir þetta. Í framhaldinu verður farið í nánari samvinnu við stofnanir um frekari gagnaöflun.

Vinna við stefnumörkun er hluti af næsta fasa verkefnisins. Farið verður í þá vinnu í upphafi næsta árs, þ.e. þegar vinna við gagnaöflun og greiningu er komin vel á veg. Greining skipulagshóps er fyrsta skrefið að stefnumörkuninni.

4. Hópa vinna:

Fundarmönnum var skipt upp í 3 hópa og voru þeir eftirfarandi

Þema 1: Gagnaöflun –grunn gögn og núverandi nýting. Gunnar Páll var hópstjóri og var þar fjallað um hvers konar gögn þyrfti til að hægt væri að svara eftirfarandi spurningum:

Hvers konar nýting á að fara fram á svæðinu? - Hvar á sú nýting að fara fram, hvert á umfang hennar að vera og hvernig á hún að fara fram? Hvaða grunn gögn eru tiltæk? Hvaða svæði eru kjörsvæði fyrir mismunandi nýtingu? Hvar fer núverandi nýting fram?

Þema 2: Stefnumörkun og ágreiningsmál. Lína Björg Tryggvadóttir var hópstjóri og var þar fjallað um Ísafjarðardjúp og Jökulfirðir eftir 20 ár. - Er hægt að samrýma fyrirbyggjandi áætlanir notenda? Hvar eru helstu ágreiningssvæðin (árekstrar og skörun)? Hvaða lausnir eru í boði?

Þema 3: Aðferðir –markmið, verklag og framsetning. Innihald/markmið áætlunarinnar – Aðalsteinn Óskarsson var hópstjóri – Var þar fjallað um Stefnumörkun - Bætt aðgengi að upplýsingum til að bæta ákvarðanatöku. Hvert er stóra viðfangsefni nýtingaráætlunarinnar? Erum við á réttri leið hvað varðar innihald, verklag og framsetningu?

5. Kynning niðurstöðu hópavinnu

Gunnar Páll, Aðalsteinn og Lína kynntu lauslega helstu niðurstöður úr hópavinnu. Sjá nánar í viðauka fundargerðarinnar.

6. Framhald verkefnis-

Unnið verður áfram að söfnun og greiningu grunnupplýsinga og skráningu núverandi nýtingar í samvinnu við stofnanir og fleiri aðila. Í framhaldinu mun nefnd um nýtingaráætlun og skipulagshópur vinna að stefnumörkun um nýtingu strandsvæðisins. Gert er ráð fyrir kynningar- og afgreiðsluferli næsta haust og að áætlunin verði samþykkt af sveitarfélögum í desember 2014. Næsti fundur er ótímasettur en líklega verður hann í lok janúar.

7. Önnur mál

Umræður um gildi nýtingaráætlunarinnar og tengsl við verkefni hins opinbera.

Fundi slitið kl. 16:00

Viðauki – niðurstöður hópavinnu

Þema 1: Gagnaöflun - grunngögn og núverandi nýting

Gunnar Páll fór yfir áætlun, aðferðafræði og stöðu verkefnis m.t.t. gagnaöflunar. Hugmyndin er að safna upplýsingum svo hægt verð að birta:

- Grunnögn er lýsa náttúrufari (myndir og texti með vísun í heimildir til frekari skoðunar)
- Kort sem sýni núverandi nýtingu.
- Yfirlit yfir kjörsvæði fyrir mismunandi nýtingu.

Þessi gögn verða grunnur að ákvörðunum um hvar, hvernig og hvenær þessi nýting getur farið fram með sem minnstum neikvæðum áhrifum á náttúru, samfélag og aðra nýtingu.

Helstu fyrirbyggjandi gögn eru:

- Gögn frá stofnunum: M.a. aflagögn frá Hafró, botnkort af svæðinu, upplýsingar um rekstrar- og starfsleyfi vegna fiskeldis. Í flestum tilvikum þarf að óska eftir þessum gögnum
- Skráning á núverandi nýtingu frá árinu 2009. Þá var gögnum safnað á opnum fundum í tengslum við þetta verkefni (Dranganes, Reykhólar, Patreksfjörður og Ísafjörður í nóvember 2009).
- Gögn sem tengjast öðrum verkefnum eða fyrirhuguðum framkvæmdum. Dæmi um þetta eru ítarleg gögn vegna umhverfismatsvinnu í tengslum við fyrirhugað fiskeldi í Ísafjarðardjúpin (Hraðfrystihúsið Gunnvör). Einnig má nefna stefnumörkun félagasamtaka, svo sem ferðamálasamtaka Vestfjarða.
- Greining skipulagshóps (svör við spurningum sem afhentar voru 18.9.): Í greiningunni er spurt um grunnögn og núverandi nýtingu.

Í hópavinnunni var óskað eftir ábendingum um gögn sem gætu gagnast í verkefninu. Ýmsar gagnlegar ábendingar komu fram og þær verða skoðaðar nánar.

Í sumum tilvikum vantar upplýsingar um nýtingu frá fulltrúum skipulagshóps. Þessir aðilar munu ganga í það að afla þessara upplýsinga.

Annað sem fram kom eða rætt var um innan hópanna:

- Fjallað var um hvernig taka eigi á veiðum ef í ljós kemur að um hagsmunaárekstra verður að ræða. Hópurinn sem fjallaði um þetta var þeirrar skoðunar að skoða eigi slíka árekstra og taka umræðuna um þá og greina frá því í áætluninni.
- Rætt var um vægi mismunandi greina við ákvarðanatökum m.t.t. efnahags.
- Rætt var um hvort tekið verði tillit til áætlunarinnar af opinberum aðilum og hvaða leiðir séu færar til að svo verði. Hugmynd var sett fram um að kalla stofnanir saman og fá einhvers konar viljayfirlýsingu frá þeim til að tryggja þetta. Hópurinn telur afar slæmt ef unnið verður gegn stefnunni í leyfisveitingum stofnana.
- Rætt var um nýtingaráætlunina í samhengi við Landsskipulagsstefnu.
- Bent var á að skoða þyrfti hvaða reglur og ákvæði gilda um mörk Hornstrandafirðlands að sjó.
- Rætt var um siglingar og árekstra við fiskeldi og veitumannvirki (stærð helgunarsvæðis). Bent var á að mikilvægt væri að horfa vítt á hugsanlega nýtingu við skráningu og stefnumörkun.

Ekki á að horfa eingöngu til þeirrar nýtingar sem fram fer í dag. Dæmi var tekið frá Færeyjum en þar er þaranýting að þróast sem atvinnugrein. Hóparnir eru almennt sammála um að nýtingaráætlun verði að geta tekið á slíkum málum og hún verði því að hafa ákveðna sveigju.

Þema 2: Stefnumörkun og ágreiningsmál

Lína Björg kynnti þemað þannig að umræða færi af stað. Hóparnir voru að miklu leyti sammála því að hægt væri að samrýma fyrirbyggjandi áætlanir notenda með góðu skipulagi og væri vinnan við nýtingaráætlunina einmitt vettvangurinn til þess.

Það sem kom úr vinnunni var þetta:

- Helstu ágreiningssvæði eru þar sem fiskeldi er áætlað á rækju og fiskislóðum. Hins vegar kom einnig fram ábending um að rækjuveiðar og fiskeldi væru árstíðabundin og gætu því alveg farið saman..
- Framtíðarsýn á svæðið: Vel skipulagt og skilgreint svæði þar sem sjálfbær nýting er á sjávarfangi, viðamikil fisk- og kræklingaeldi og náttúrutengd ferðaþjónusta sem litið er til vegna þess að þar er unnið í sátt við náttúru og atvinnulíf á svæðinu og fagmennska í fyrirrúmi.
- Fram kom sú skoðun að Jökulfirðirnir ættu ekki að vera lagðir undir fiskeldi heldur ætti áhersla að vera lögð á núverandi nýtingu svæðisins s.s veiðar og ferðaþjónusta.
- Fram kom sú skoðun að ekkert fiskeldi ætti að vera frá dragnótarlínu við Æðey 66°05,425'N – 022°39,550'V í Ögurhólma 66°03,358'N – 022°40,590'V. (**843/2011. REGLUGERÐ** um bann við dragnótaveiðum í fjörðum Vestfjarða)
- Hreyfanleiki þarf að vera á fiskeldi- þannig að inn í skipulaginu sé gert ráð fyrir því að firðir séu hvíldir í ákveðin tíma. Jafnvel að skoða víxlnýtingu þannig að kvíar væru fjarlægðar í ákveðin tíma.
- Veiðiár geta verið í hættu vegna laxeldi og því telja aðilar tengdir hlunnindanýtingu að banna eigi seiðasleppingu nema þeim seiðum sem ræktuð eru í viðkomandi ám.
- Ágreiningur er á milli atvinnulífs og náttúruverndar. Stefna sveitarfélagana liggur ekki fyrir með tillit til náttúru. Taka þarf tillit til náttúruminja,árósa, fuglavarps, minja í sjó og stækkun friðlands.
- Ekki er nægilega ljóst hvaða áhrif fiskeldi hefur þegar kemur að lyfjagjöf. Spurning er hvort að mengun vegna þessa geti haft áhrif á náttúruna. Einnig telja aðilar í ferðaþjónustugeiranum sjónræna mengun af fiskeldi. Gæta þarf því varúðar varðandi staðsetningu kvíanna.
- Krefjast ætti að aðilar í eldi settu upp fyrirbyggjandi sjóði sem notaðir yrðu til að hreinsa upp ef aðilar fara í prot eða annað sem gæti farið úr lagi. Þangað yrði hægt að sækja skaðabætur á aðila ef t.d umhverfisslys verða.
- Ríkið ætti að standa að því að gera umhverfismat fyrir djúpið og firðina.

Þema 3 - Aðferðir –markmið, verklag og framsetning

Aðalsteinn stýrði umræðum í þessari þemu. Fram kom að gögnin væru góð og verkefnið á góðri leið. Hins vegar vantaði að ná fram tenginu lands og sjávar. Þó væri rétt að hafa framsetningu gagna með kortum eins og gert var í Arnarfjarðarverkefninu.

Helstu niðurstöður úr vinnunni voru þessar:

- Skipulag sem hvetur til fjölbreytts atvinnulífs en tekur jafnframt tillit til umhverfis og náttúru og hefur sjálfbærni að leiðarljósi.
- Möguleiki þarf að vera á að hægt sé að breyta skipulaginu í framtíðinni ef þörf krefur.
- Skipulagið þarf að vera skynsamleg áætlun um nýtingu á náttúrulegum gæðum og auðlindum Ísafjarðardjúps og vera í þágu íbúa svæðisins.
- Verður möguleiki að fá verkefnið viðurkennt sem strandsvæðaskipulag? Skoða ætti hvernig önnur lönd í Evrópu hafa unnið þessi mál og þá jafnvel nýta í þessa vinnu. (Evrópuáætlun)
- Skoða þarf gögn um vatnalög sem mætti nýta við stefnumörkun.
- Skýra þarf hvort og hvernig umhverfismat áætlana hafi áhrif á stefnumörkunina.
- Í upphafi stefnumörkunar þarf að ákvarða hvort að svæðin séu nýtt undir fiskeldi í sjó
- Bent var á að það vanti verulega á upplýsingar um náttúru Vestfjarða og svæðið sé eftir á í rannsóknum miðað við aðra landshluta. Víða er ósamræmi í ákvörðunum varðandi skipulag á sjó og á land og eru þær stundum í berhöggi við aðalskipulög sveitarfélagna. Forðast þarf að viðhafa þessi vinnubrögð í stefnumörkun fyrir Djúp og Jökulfirði. Benda verði á stefnumörkun náttúrverndaráætlunar um stækkun Hornstrandafriðlands og leggja verði áherslu á að vernda svæði við eyjar og hólma.
- Nýta þarf svæðið á sem sjálfbærastan hátt með skipulögðum hætti sem taki breytingum eftir náttúrulegum aðstæðum. Stefnumörkun þarf að hafa að viðmiði að atvinna og þar með búseta sé tryggð allt árið.
- Meta þarf burðarþol svæðisins og skoða hvort að hægt sé að skipta því upp í 2 eða 3 svæði.
- Meta þarf hvernig eigi að yfirfæra forsendur Arnarfjarðarverkefnis yfir á Djúp og Jökulfirði, t.d. væri fyrirkomulag rækjuveiða ólíkt og úthlutaður kvóti hlutfallslega mun hærri.